

Fimmtán bækur tilnefndar

● Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2021 í þremur flokkum ● Verðlaunaféð ein milljón í hverjum flokki ● Verðlaununum ætlað að draga fram athyglisverðustu útgáfubækur ársins

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbl.is

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2021 voru kynntar í 33. sinn við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum í gær. Tilnefnt er í flokki fræðibóka og rita almenns efnis, barna- og ungmennabóka og fagurbókmennta, en fimm bækur eru tilnefndar í hverjum flokki. Formenn dómnefndanna þriggja munu koma saman ásamt Gísla Sígurðssyni, sem er forsetaskipaður formaður, og velja einn verðlaunahafa úr hverjum flokki. Verðlaunin verða afhent af Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, á Bessastöðum á nýju ári. Verðlaunaupphæðin er ein milljón króna fyrir hvert verðlaunaverk, sem Félag íslenskra bókaútgefenda kostar. Verðlaununum er ætlað að draga fram athyglisverðustu útgáfubækur hvers árs. Umsagnir dómnefndanna má lesa í heild sinni á mbl.is.

Tilnefningar í flokki fræðibóka og rita almenns efnis

Eftirfarandi höfundar eru tilnefndir í flokki fræðibóka og rita almenns efnis:

● Guðrún Ása Grímsdóttir fyrir *Sturlunga saga eða Íslendinga sagan mikla I-III* sem Hið íslenska fornritafélag gefur út.

„Sturlunga er samtímaheimild um örlagaríka ófriðartíma í sögu Íslands (1117-1264). Skinnhandritin tvö frá 14. öld eru skert og því er til viðbótar stuðst við yngri eftirrit í nýrri útgáfu Sturlungu sem Guðrún Ása Grímsdóttir hefur séð um. Vandvirkni og fræðileg úttekt hennar gerir lesendum nútímans unnt að njóta hins forna rits í hvítvetna. [...] Fróðleg og spennandi lesning.“

● Kristjana Vigdís Ingvadóttir fyrir *Prautseigja og mikilvægi íslenskrar tungu – Um notkun dönsku og erlend áhrif á íslensku* sem Sögufélag gefur út.

„Höfundur leitara svára við nokkrum spurningum, m.a. hversu víðtæk var notkun dönskunnar á 18. og 19. öld á Íslandi, hvar bar hana helst nið-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Höfundar Gleði ríkti í hópi fræðimanna, rithöfunda og skálda á Kjarvalsstöðum þegar upplýst var um tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

ur og hvers vegna ekki var skipt yfir í dönsku eins og rektor einn lagði til. Höfundur setur frumrannsókn sína í samhengi við fyrri rannsóknir fræðimanna á einstaklega skipulegan og ferskan hátt. Virðing Dana fyrir menningararfi Íslendinga kemur ef til vill einna helst á óvart. Í lok bókar spyrðir höfundur áhyggjur fyrri alda varðandi íslenskt mál saman við þær sem tilheyra deginum í dag [...].“

● Sigrún Helgadóttir fyrir *Sigurður Þórarinnsson – Mynd af manni I-II* sem Náttúruvinnuáskrif Íslands gefur út.

„Allt við þetta mikla ritverk hrífur, efnistöð við ritun sögu Sigurðar Þórarinnssonar og sjálft bókverkið, sem er markvisst og fagurlega myndskreytt. Rannsóknir vítt og breitt um

landið, eldgos, jökla, jarðlög, náttúruvernd, söngtextar og önnur áhugamál vísindamannsins sindra á hverri blaðsíðu.“

● Snorri Baldursson fyrir *Vatnajökulsþjóðgarður – Gersemi á heimsvísu* sem JPV útgáfa gefur út.

„Lesandinn verður margt fróðari um jökla- og jarðfræði, lífríki og mikilfenglegar náttúruvinnur svæðisins og verndun þess. [...] Höfundur leiðir lesandann í gegnum sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs á skýran og fróðlegan hátt með fallegu myndefni. Hrífandi falleg bók.“

● Þórunn Jarla Valdímarsdóttir fyrir *Bærinn brennur – Síðasta aftan á Íslandi* sem JPV útgáfa gefur út.

„Leiftrandi nærgætin frásögn upp úr bestu heimildum varpar nýju ljósi

á aðdraganda og eftirmál hryllilegra atburða er gerðust í byrjun 19. aldar. [...] Lesandinn fær að fylgja höfundum um heimildir og finnur sig fljótt ugðandi við túnfótinn.“

Dómnefnd skipuðu Ingi Bogi Bogason, Katrín Öluf Einarssdóttir og Hanna Steinunn Þorleifsdóttir, sem var formaður nefndarinnar.

Tilnefningar í flokki barna- og ungmennabóka

Eftirfarandi höfundar eru tilnefndir í flokki barna- og ungmennabóka:

● Arndís Þórarinsdóttir fyrir *Bál tímans – Örlagasaga Möðruvallabókar í sjö hundruð ár* sem Mál og menning gefur út.

„Óventur sögumaður tekur lesanda með í fróðlegt ferðalag. Myndir gæða bókinu miklu lífi og auka lestraránægjuna. Bókin segir frá helsta fjársjóði íslenskra bókmennta á nýstárlegan hátt og kynnir handritin fyrir ungum lesendum.“

● Guðlaug Jónsdóttir og Hlíf Una Bárudóttir myndhöfundar fyrir *Í huganum heim* sem Guðlaug Jónsdóttir og Karl K. Ásgeirsson gefa út.

„Hugljúf, raunsæ og hversdagsleg frásögn af sveitalífi fyrri tíma. Gullfallegar myndir prýða frumraun höfundar og gera söguna ljóslifandi [...].“

● Jakob Ómarsson fyrir *Ferðalagið – styrkleikabók* sem Af öllu hjarta gefur út.

„Bókin er skemmtileg lesning og hvetur til aukins tilfinningaþroska. Aukaefni fylgir bókinni sem útskýrir efni hennar og nýtist við lesturinn. Framsetning bókarinnar gerir hana að einstakri frumraun.“

● Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir myndhöfundar fyrir *Reykjavík barnanna* sem Iðunn gefur út.

„Bókin fetar troðnar slóðir, sögu-sviðið er stórt og mikið og spannar fjölda ára. Fallegar myndskreytingar gera bókina aðgengilega lesendum á öllum aldri svo úr verður fræðandi og skemmtileg heimild um höfuðborgina okkar.“

● Þórunn Rákel Gylfadóttir fyrir *Akam, ég og Annika* sem Angústúra gefur út.

„Bókin er margræð þroskasaga um margbreytileika mannlífsins og erfiðleika sem fylgja því að vaxa úr grasi. [...] Frábær frumraun höfundar sem verður spennandi að fylgjast með í framtíðinni.“

Dómnefnd skipuðu Stefán Rafn Stefánsson, Vignir Árnason og

Ragna Gestsdóttir, sem var formaður nefndarinnar.

Tilnefningar í flokki fagurbókmennta

Eftirfarandi höfundar eru tilnefndir í flokki skáldverka:

● Arnaldur Indriðason fyrir *Sigurverkið* sem Vaka-Helgafell gefur út.

„Höfundur slær hér nýjan tón frá fyrri verkum með sögulegri skáldsögu [...] Harmræn örlagasaga, skrifuð af viðkvæmni og virðingu fyrir sögupersónunum, í fallegum og grípandi texta sem vekur samkennd og sterkar tilfinningar lesenda.“

● Guðni Elísson fyrir *Ljósöldran* sem Lesstofan gefur út.

„Marglaga og margslungið skáldverk sem er allt í senn, sársaukafullt tregaljóð, skúrkasaga, samtímasaga, ádeila á verðmætamat samfélagsins og karnivalísk afbygging þar sem furðuverur varpa ljósi á valdakerfi samtímans. Úthugsuð uppbygging sem er reglulega sprengd upp – þegar textinn flæðir yfir mörk alls þess sem hingað til hefur skilgreint skáldsögu. Tímamótaverk þar sem bókstaflega allt er undir.“

● Hallgrímur Helgason fyrir *Sextíu kíló af kjaftshöggum* sem JPV útgáfa gefur út.

„Styrkleikar höfundar mætast í glitrandi og kjarnyrtri veröld síldarplansins, þar sem fyrstu skref þjóðar úr torfkofunum speglast í þrá aðal-söguhetjunnar eftir betra lífi og sjálfstæði. Síldarvals þar sem húmor og harmur koma saman í miskunnarlausri framrás tímans. [...]“

● Kamilla Einarssdóttir fyrir *Tilfinningar eru fyrir aumingja* sem Veröld gefur út.

„Leit hinnar femínísku andhetju að sjálfmynd [...] Sterk samtímasaga þar sem ískaldri kaldhæðni og depurð er fléttað saman í hressilegum texta, sem er skrifaður af viðkvæmni og væntumþykju.“

● Svíkaskáld: Friða Ísberg, Melkorka Ólafsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Sunna Dís Madsdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir og Þórdís Helgadóttir fyrir *Olía* sem Mál og menning gefur út.

„Hressandi frásögn af uppreisn sex kvenna gegn hefðbundnum kynhlutverkum. Grípandi ádeila á viðjarvanans og tilraunir til að brjóta undan hlekkjum hugarfars feðraveldisins. [...]“

Dómnefnd skipuðu Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Jón Svanur Jóhannsson og Andri Yrkill Valsson, sem var formaður nefndarinnar.

Gelísprautun

Neauvia Organic

Fullkomin meðferð fyrir hátíðarnar
Gelísprautun er náttúruleg húðmeðferð
sem fyllir upp í hrukkur og línur,
mótar varir og andlitsdrætti.



NÝTTU
TÆKIFÆRIÐ
30%
afsláttur af
GELÍSPRAUTUN

Tímamantani í síma 533 1320

Við tökum vel á móti ykkur í Vegmúla 2

Húðfegrun ehf | Vegmúli 2 | Sími 533 1320 | www.hudfegrun.is

Húðfegrun